

*Sent í tölvupósti*  
Reykjavík, 6. október 2023

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
b.t. Þórarins Inga Péturssonar, formanns

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um ætliðaskipti og nýliðun í landbúnaðarrekstri, þingskjal 52 – 52. mál.**

Bændasamtök Íslands fagna þingsályktunartillögu þessari. Staðan í landbúnaði er grafalvarleg, meðalaldur bænda er um 57 ár og erfitt er fyrir nýliða að koma inn í greinina og ætliðaskipti eru vandasöm. Ein helsta skýringin er takmarkaður aðgangur sem og dýrt lánsfé. Við þessar aðstæður er orðið nauðsynlegt að ríkið grípi inni m.a. með skattaávilnunum, auk annarra aðgerða til að koma til móts við þennan vaxandi vanda.

Bændur eru sjálfstæðir atvinnurekendur og það er því allra hagur að þekking og reynsla þeirra, afrakstur jarða og búskapar nýtist þjóðhagslega sem best. Greinin þarf aðgang að þolinmóðu fjármagni á lágum vöxtum til að nýliðar sjái sér hag í að velja landbúnað umfram annan rekstur. Nýliðun er best tryggð með því að afkoma greinarinnar sé góð og að það sé spennandi kostur fyrir ungt fólk að stunda landbúnað.

Til að mæta eftirspurn um aukna innlenda matvælaframleiðslu þarf störfum að fjölga samhliða. Svíar gera ráð fyrir að störfum í landbúnaði þurfi að fjölga um 2% á hverju ári fram til ársins 2030, sem gera um 41.900 ný, bein og afleidd störf tengd landbúnaði. Á íslenskan mælikvarða gæti það verið um 1.500 störf í landbúnaði á Íslandi. Álíka greining hefur ekki farið fram hér á landi en Samtök iðnaðarins hafa aftur á móti spáð því að árið 2050 verði um 250.000 manns starfandi á vinnumarkaði hér á landi. Er því mikilvægt að gera ungu fólki kleift að komast inni greinina og hafa eðlilega afkomu af.

Ýmsar aðgerðir má ráðast í til að auðvelda og hvetja til nýliðunar og ætliðaskipta. Hér fyrir neðan eru nokkrar tillögur Bændasamtakanna sem ræddar hafa verið á vettvangi Samtaka ungra bænda.

**1. Niðurfelling erfðafjárskattar**

Bændasamtökin fagna þeirri tillögu sem lögð er til í þingsályktunartillögunni og sem finna má á þskj. 45 – 45. mál að „heimilt verði að ráðstafa jörð til lögerfingja án greiðslu í því skyni að halda ákveðnum svæðum í landbúnaðarrekstri.“, en samtökin túlka þá setningu á þann veg að verið sé að vísa til niðurfellingar erfðafjárskattar líkt og hefur verið gert í Bretlandi, Þýskalandi og Póllandi.

**2. Hagstæðari fjármögnun fyrir nýliða – Hlutdeildarlán**

Markmið með hlutdeildarlánnum sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun veitir er að auðvelda fyrstu kaupendum og þeim sem ekki hafa átt íbúðarhúsnæði síðastliðin fimm ár og eru undir tilteknum tekjumörkum að brúa eiginfjárkröfu við íbúðarkaup. Bændasamtökin leggja fram þá tillögu að ungt fólk sem er að hefja búskap geti sótt um hlutdeildarlán til kaupa á íbúðarhúsnæði við kaup á bújörð, til byggingar á nýju íbúðarhúsnæði á lögbylisjörð í búrekstri eða til endurbóta á húsnæði sem þegar er fyrir á lögbylisjörð þar sem stundaður er búskapur.

Myndi slíkt stuðla að markmiðinu með hlutdeildarlánunum, þ.e. að aðstoða fólk við að komast inn á fasteignamarkaðinn en aðgerðin myndi einnig styðja við markmið Landbúnaðarstefnu stjórnvalda um að auðvelda kynslóðaskipti og nýliðun, sbr. liður 10.3.

### **3. Hagstæðari fjármögnun fyrir nýliða – Ráðstöfun séreignasparnaðar**

Bændasamtökin gera tillögu um viðbótarákvæði við lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, svohljóðandi, sbr. feitletrun: „Þrátt fyrir ákvæði 11. og 12. gr. er réttihafa séreignasparnaðar heimilt að nýta viðbótariðgjald, vegna launagreiðslna á tímabilinu 1. júlí 2014 til og með 31. desember 2024, til greiðslu inn á höfuðstól lána sem tekin eru vegna öflunar íbúðarhúsnaðis til eigin nota eða til greiðslu inn á höfuðstól lána vegna kaupa á lögbýlisjörð sem þegar er í búrekstri eða ætluð til búrekstrar. Skilyrði er að lánin séu tryggð með veði í íbúðarhúsnaði, eða viðkomandi bújörð og að vaxtagjöld af þeim séu grundvöllur útreiknings vaxtabóta.“

### **4. Ívilnanir vegna endurgreiðslu námslána**

Í 27. gr. laga um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020, er að finna heimild ráðherra til að veita tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána vegna tiltekinnna námsgreina að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Heimildin er ætluð til þess að gefa ráðherra tækifæri til þess að bregðast við ástandi þar sem skortur er viðvarandi eða fyrirsjáanlegur á fólki með tiltekna menntun með því að skapa sérstakan hvata fyrir fólk til þess að sækja sér þá menntun eða til að starfa í tiltekinni starfsgrein. Til þess að ráðherra geti ákveðið sérstaka tímabundna ívilnun þurfa að liggja fyrir upplýsingar um viðvarandi skort í ákveðinni starfsstétt eða að skortur sé fyrirsjáanlegur. Þar með er gert ráð fyrir að undirbúin sé skýrsla sem byggir meðal annars á framangreindum upplýsingum; unnin af stjórnvöldum í samráði við hlutaðeigandi atvinnurekendur eða samtök atvinnurekenda. Bændasamtökin telja mikilvægt að slík skýrsla verði unnin til að ná fram umræddri ívilnun fyrir námsgreinar sem leiða til starfa í landbúnaði, þ.m.t. búfræði, dýralækningar, o.s.frv. Myndi slík ívilnun virka sem hvati fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á búrekstri eða sem stefnir á ættliðaskipti á bújörð.

Bændasamtökin taka undir þingsályktunartillögu þessa en telja að full tækifæri séu til að ganga lengra, líkt og að framan hefur verið rakið, með það að markmiði að tryggja nýliðun í landbúnaði, byggðafestu og fæðuöryggi þjóðarinnar. Því markmiði er hægt að ná með breytingum á ýmsum lögum. Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur